

3. Verklagsreglur um flýtingu milli bekkja í grunnskólum Hafnarfjarðar

Á við um þegar óskað er eftir að barn sleppi einum árgangi á grunnskólagöngunni.

3. Flýting milli bekkja á grunnskólagöngu barns.

3.1. Foreldrar/forsjáraðilar sækja skriflega um flýtingu á grunnskólagöngu barns til skólastjóra grunnskóla barns um tilfærslu milli árganga, þ.e. að hoppa yfir árgang/bekk. Æskilegt er að ósk um flýtingu berist eigi síðar en 1. febrúar á því ári sem óskað er tilfærslu frá hausti en skólastjóri getur samþykkt að taka við umsóknum á öðrum tíma og setja strax í ferli.

3.2. Skólastjóri grunnskóla getur óskað skriflegrar umsagnar starfsfólks skólans áður en hann tekur ákvörðun.

Í umsögn starfsfólks skóla (umsjónarkennari eða annar aðili) þarf að koma fram:

1. Almenn umsögn um náms- og þroskastöðu nemanda, m.a. hæfni út frá viðmiðum sem gilda um jafnaldra.
2. Upplýsingar um félagslega stöðu innan nemendahópsins.
3. Styður nemendaverndarráð skólans umsókn foreldra/forsjáraðila?

3.3. Umsögn skóla skal berast skólastjóra grunnskóla sem fyrst en eigi síðar en tveimur mánuðum frá því að beiðni barst frá skólastjóra. Umsögn eru ráðgefandi.

3.4. Skólastjóri grunnskóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar um flýtingu að fenginni umsögn starfsfólks skóla:

- i. Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.
- ii. Hyggist skólastjóri synja umsókn um flýtingu skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun, ásamt rökstuðningi. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 (sbr. 32. og 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008).
- iii. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeina þeim um kæruheimild til fræðsluráðs Hafnarfjarðar. Afrit af bréfinu er sent til Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.
- iv. Staðfesti fræðsluráð ákvörðun skólastjóra skal leiðbeina foreldrum um kæruheimild til ráðherra mennta- og menningarmála skv. 47. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Afturkalli fræðsluráð ákvörðun skólastjóra fær erindi foreldra sjálfkrafa jákvæða afgreiðslu.

Hafnarfirði x.x. 2015